



Reykjavík, 4. janúar 2018  
R15060006  
1222-2

Borgarráð

***Fiskiskipið Ottó N. Þorláksson RE-203, forkaupsréttur***

Borist hefur meðfylgjandi erindi Friðriks J. Arngrímssonar, löggilts skipasala, f.h. HB-Granda hf., þar sem Reykjavíkurborg er boðinn forkaupsréttur að skipinu Ottó N. Þorlákssyni RE-203, skipaskrárnúmer 1578, í samræmi við ákvæði laga nr. 116/2006 um stjórnun fiskveiða.

Kaupandi er Ísfélag Vestmannaeyja hf., Tangagötu 1, Vestmannaeyjum, en heimahöfn skipsins Ottós N. Þorlákssonar RE-203 er Reykjavík. Kaupverð skipsins ásamt tækjum og búnaði sem skipinu fylgir og fylgja ber er 150.000.000.00. Skipið er selt án aflahlutdeilda, sem hafa verið færðar yfir á nýtt skip HB-Granda hf., Viðey RE-50.

Lagt er til að borgarráð falli frá forkaupsrétti sínum.

Ebba Schram

Hjálagt:

Erindi Friðriks J. Arngrímssonar dags. 29. desember 2017

## Borgarlögmaður

---

**Frá:** Friðrik J. Arngrímsson <f@ships.is>  
**Sent:** 29. desember 2017 17:18  
**Til:** Borgarlögmaður  
**Afrit:** Vilhjálmur Vilhjálmsson; Stefán Friðriksson  
**Efni:** Ottó N. Þorláksson RE-203 - boð um að neyta forkaupsréttar.

Reykjavíkurborg,  
b.t. Ebbu Schram borgarlögmanns,  
Ráðhúsi Reykjavíkur,  
Reykjavík.

[borgarlogmadur@reykjavik.is](mailto:borgarlogmadur@reykjavik.is)

Reykjavík 29. desember 2017.

HB-Grandi hf., Norðurgarði 1, Reykjavík, kt. 541185-0389 hefur selt Ísfélagi Vestmannaeyja hf., Tangagötu 1, 900 Vestmannaeyjum, kt. 660169-1219 skip sitt Ottó N. Þorláksson ER-203, skipaskrárnúmer 1578.


Skipið er selt án aflahlutdeilda sem hafa verið fluttar á nýtt skip HB-Granda hf., Viðey RE-50, skipaskrárnúmer 2895.

Umsamið kaupverð er kr. 150.000.000.00 og skal það greitt við afhendingu skipsins eftir slíptöku þess sem miðað er við að verði eigi síðar en 31. maí 2018.

Með vísan til 3. mgr. 12. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða er Reykjavíkurborg hér með boðinn forkaupsréttur að skipinu Ottó N. Þorlákssyni RE-203, skipaskrárnúmer 1578.

Virðingarfyllst,

f.h. HB-Granda hf.  
Friðrik J. Arngrímsson löggiltur skipasali

 Saga skipamiðlun ehf. / Saga Shipbrokers Ltd.  
Friðrik J. Arngrímsson  
Löggiltur fasteigna og skipasali / Chartered Shipbroker  
Ánanaust 11  
101 Reykjavík  
Iceland

Tel: +354 824 2310  
[f@ships.is](mailto:f@ships.is) - [www.ships.is](http://www.ships.is)